

Mál nr. 249/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega A

Starfsmaður féll úr stiga niður á gólf og slasaðist þ. 24.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V. dags 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá A og ætlaði að sækja tvo 25 kg. mjölpoka úr stæðu í mjölgeymslu. Við það notaði hann gaffallyftara sem hann staðsetti fyrir framan stæðuna. Þar sem kassar voru staðsettir fyrir framan komst lyftarinn ekki að stæðunni til að taka niður bretti. M stillti því lyftaranum upp með laust bretti sem nam við efstu stæðuna og notaði síðan langan lausan stiga til að klifra upp að brettinu með mjölpokunum. Stiginn náði ekki nógu hátt upp og hafði M ekki jafnvægi sem skyldi og lítið sem ekkert hald og féll M úr stiganum og niður á gólf og brotnaði á báðum fótum. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega A hjá V og telur að um slys hafi verið að ræða sem sé bótaskyld úr tryggingunni þar sem að utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni M. V hafnar bótaskyldu og telur ljóst að orsök atviksins sé ekki að rekja til utanaðkomandi atviks, heldur innra ástands í líkama M þ.e. jafnvægismissis. V telur því að umræddur atburður falli ekki undir slyshugtak 8.gr. skilmála slysátryggingar launþega. V bendir á að M hafi staðið kyrr í stiganum þegar hann missti jafnvægið.

Álit.

M missti jafnvægið þegar hann var við vinnu sína í lausum stiga og féll niður á gólf og slasaðist. Áverkinn sem M varð fyrir varð þegar hann lenti í gólfinu. Óumdeilt er að M missti jafnvægið, en ekkert bendir til að það hafi verið vegna svima, sjúkdóma eða annars sérstaks líkamlegs ástands M. Þar sem M varð fyrir því tjóni sem um ræðir þegar hann lenti í gólfinu eftir fall úr stiganum varð hann fyrir slysi í skilningi 8.gr. skilmála slysátryggingar launþega og á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.